

Bingó – hljóðamyndun/fyrsti stafur í orði

Í þessu bingói gerði ég 8 mismunandi spjöld og var hver bókstafur u.þ.b. þrisvar sinnum samtals. Ég sleppti Ð og X þar sem ekkert íslenskt orð byrjar á þeim bókstöfum. Ég gerði síðan 3x spjöld sem notuð eru í bingóið þannig að það sé hægt að leika þetta með mismunandi orðum. Ég gerði einn flokk með dýrum og tvo með blönduðum myndum. Erfiðast var að finna orð sem byrja á I og É en í dýraflokkinn notaði ég „Éta“ eins og ég sá í appi um stafróf dýranna og svo gerði ég „Iglá“ fyrir I. Ég nota eitt eða tvo orð í tveimur flokkum. Ég gerði bingóspjöldin í mismunandi litum en að sjálfsgöðu er hægt að hafa þetta svart/hvít líka til að spara blek. Sjá myndir neðst í þessu skjali.

Efni:

- venjulegur pappír (A4)
- kartonpappír eins þykkur og hægt er að setja í plöstunarávél (A4)
- plöstunarávél og plast í hana
- myndir og orð til að nota í bingóið.
- karfa undir spjöldin og orðflokkana
- töflutúss (einn á mann fyrir hvern spilara)

Aðferð:

- bingóspjöldin eru gerð á A4 síðu, ég gerði ramma og hafði 12 bókstafi á hverju spjaldi. Hafði bæði há- og lágstafi og notaði Skriftis Grunn 72 pt. bold. Fyrsti stafurinn í orðinu var Skriftis Grunn 22 pt. hástafur, bold og litaður rauður en hinir 20 pt. lágstafir, bold og litaðir svartir.
- finna myndir á netinu, skrifa orðin fyrir neðan (12 rammar á hverri A4 bls.) prenta út bingóspjöldin og klippa til
- prenta út orðin/myndirnar og klippa til (Gott að merkja flokkana með því að skrifa t.d. I,O,X aftan á spjöld hvers flokks)
- plasta og renna í gegnum plöstunarávélinu og klippa til (þarf ekki að klippa bingóspjöldin)

Spilið:

- spilað eins og venjulegt bingó, einn er bingóstjórinn og dregur spjald úr bunkanum og les orðið með stuðningi myndarinnar á spjaldinu. Ef leikskólabörn eru að spila er mögulega barn orðið læst í hópnum eða þá að fullorðinn stjórnar bingóinu. Krakkarnir nota töflutúss til að krossa við bókstafinn á spjaldinu þegar sá stafur kemur upp. Sá vinnur sem fyrstur krossar yfir alla stafina á sínu spjaldi.

Ath:

- Ég gerði þetta bingó fyrir leikskólabörn en ef börnin eru orðin læs þarf ekki endilega að hafa myndir með og svo er líka hægt að hafa stafi inni í orðum og er þá sá bókstafur sem á að nota litaður rauður.

